

MINNISBLAÐ

Til: Ólafur Arnar Jónsson og Hildur Vésteinsdóttir.

Frá: Helena Eydís Ingólfssdóttir.

Afrit: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir og Arnþrúður Dagsdóttir.

Dags: 01.12.2023

Efni: Verkefnisáætlun Gaums – Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi

VERKÞÆTTIR

Grunnrekstur verkefnisins skiptist í eftirfarandi verkþætti:

- **Vöktun:** Felur í sér gagnaöflun, úrvinnslu, framsetningu gagna og birtingu þeirra og að gæði og áreiðanleiki í úrvinnslu og birtingu gagna séu tryggð.
- **Umsýsla og kynning:** Felur í sér undirbúning og framkvæmd stýrihópsfunda, kynningu á verkefninu, birtingu fréttu og umsjón með samfélagsmiðlum, samráð og samskipti.
- **Áfangar:** Felur í sér gerð verkefnisáætlunar, samantekt á uppfærslum vísa ársfjórðungslega og ársyfirlit um uppfærslur vísa og vinnu við verkefnið.

Aðrir verkþættir, valkvæðir og utan grunnreksturs, lagðir til á árinu 2024:

- Uppfærsla á vefkerfinu Moya www.gaumur.is
- Uppsetning og innleiðing á lausn sem gerði notendum betur kleift að hagnýta gögn vefsins t.d. PxWeb eða sambærilegt. PxWeb er gjaldfrjáls hugbúnaður.

STÝRIHÓPUR

Lagt er til að stýrihópur Gaums komi saman tvisvar á árinu, í mars og nóvember.

- *Mars – Fundarstaður: Norðurþing*
Framgangur verkefnis, ársyfirlit 2023, kynnisferð á vöktunarsvæði Gaums.
- *Nóvember – Fundarstaður: Þingeyjarsveit*
Framgangur verkefnis, tillaga að verkefni- og kostnaðaráætlun ársins 2024.

VERKEFNISSTJÓRN

Verkefnisstjóri sér um umsýslu og utenumhald með grunnrekstri verkefnisins og öðrum verkþáttum eftir úr verkefnisáætlun hvers árs. Verkefnisstjóri er Helena Eydís Ingólfssdóttir og í teymi rannsóknasviðið Þekkingarnets Þingeyinga eru að auki Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir og Arnþrúður Dagsdóttir.

KYNNING

Áfram verður lög áhersla á að kynna verkefnið með rafrænum hætti, safna fylgjendum á facebooksíðu verkefnisins og áskrifendum á póstlista, ásamt því að auka umferð um vefsíðu Gaums í gegnum facebooksíðuna með því að birta uppfærslur á vefnum og með auglýsingum. Verkefnisstjórn mun eftir því sem tækifæri gefast senda inn tillögur að erindum á ráðstefnur til að vekja athygli á Gaumi og því gagnasafni sem þegar er til staðar á vettvangi Gaums, til samræmis við umfjöllunarefni hvern ráðstefnu fyrir sig. Þekkingarnetið mun einnig nýta gagnasafn Gaums til eigin verkefna og ráðningum háskólanema til sumarstarfa eftir því sem tækifæri gefast. Það byggir á hverjar áherslur ýmissa sjóða eru varðandi rannsókn- og þróunarverkefni og námi og framvindu náms hjá háskólanemum.

Á árinu 2023 voru gerðar smávægilegar útlitsbreytingar á vefnum meðal annars til að gera hann notendavænni.

Vefumsjónarkerfið Moya hefur nú verið uppfært og býður upp á að vefstjóri stýri meiru en áður t.d. varðandi útlit og virkni vefs. Taka þarf afstöðu til þess hvort keypt verði vinna við að færa vefinn yfir í nýja uppfærslu af kerfinu.

VÖKTUN

Kjarni verkefnisins er vöktun vísa þess. Verkefnisstjórn aflar gagna hjá viðeigandi aðilum, vinnur úr og og birtir á vef verkefnisins. Að minnsta kosti tveir starfsmenn meðhöndla öll gögn sem tryggir áreiðanleika gagna og upplýsinga sem birtar eru á vefnum.

Birting er áformuð sem hér segir:

Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
<input type="checkbox"/> V 1.3	<input type="checkbox"/> V 1.7	<input type="checkbox"/> V 1.1.	<input type="checkbox"/> V 1.7	<input type="checkbox"/> V 1.7	<input type="checkbox"/> V 1.1	<input type="checkbox"/> V 2.1	<input type="checkbox"/> V 1.2	<input type="checkbox"/> V 2.2	<input type="checkbox"/> V 1.4	<input type="checkbox"/> V 3.4	<input type="checkbox"/> V 2.6
<input type="checkbox"/> V 1.4		<input type="checkbox"/> V 2.1	<input type="checkbox"/> V 2.4	<input type="checkbox"/> V 2.7	<input type="checkbox"/> V 1.3		<input type="checkbox"/> V 3.3	<input type="checkbox"/> V 2.4	<input type="checkbox"/> V 3.1		
<input type="checkbox"/> V 2.7			<input type="checkbox"/> V 2.5	<input type="checkbox"/> V 3.2	<input type="checkbox"/> V 3.6		<input type="checkbox"/> V 3.5				
<input type="checkbox"/> V 3.6											

Vísar sem ekki eru birtar upplýsingar um árlega

V 1.5 – Gagnaöflun, úrvinnsla og birting ræðst af tímasetningu kosninga hverju sinni.

V 1.6 – Gögn vegna skólabarna eru birt á 4 ára fresti. Næsta rannsókn fer fram árið 2026. Gögn vegna menntunar verða birt 2026/2027.

V 1.6 – Menntunarstig íbúa eru birt á 5 ára fresti. Næsta rannsókn fer fram árið 2027. Gögn vegna menntunarstigs verða birt 2027/2028.

V 2.3 – Gagnaöflun á 6 ára fresti. Næsta uppfærsla verður 2024. Gögn vegna landnotkunar verða birt árið 2025.

V 2.7 – Mælingar eru ekki framkvæmdar reglulega (meðferð skólps). Var síðast uppfært árið 2022.

VÖRÐUR VIÐ ÁRSLOK 2023

- Unnið hafi verið úr nýjustu gögnum hvers vísis og þau birt á íslensku og ensku.
- Haldnir hafi verið tveir stýrihópsfundir.
- Gerð hafi verið verkefnis- og kostnaðaráætlun vegna ársins 2024 og hún lögð fyrir.
- Gerð hafi verið samantekt vegna starfsemi verkefnisins fyrir árið 2024.
- Uppfærsla á stýrikerfi verkefnisins hafi farið fram.